

Símafundur stjórnar 15.september 2019.

Mættir á fundinn Sveinn, Eysteinn, Heiðrún, Vignir og gestur inná fundinn var Bjarni Jónasson.

1. Sumarexemið og staða í verkefninu.

Farið yfir stöðu verkefnisins en fyrirbyggjandi er að finna 27 hross sem þurfa að vera tiltæk á Keldum í byrjun desember. Þegar liggur fyrir hvaða skilyrði hrossin þurfa að uppfylla en þau munu verða notuð í reiðskólastarf hjá þeim aðilum sem taka að sér að fóstra þau í þann tíma sem rannsóknin tekur.

Bjarni leggur mikla áherslu á að við val á hrossunum verði horft til þess að hrossin séu í fyrsta lagi þæg og traust, ganglag væri ekki eins mikið atriði. Ákvörðun tekin um að greitt verði 200.000 fyrir hvert hross og skilmálar þeir að kaupverðið verði greitt 15. mars 2020.

Formaður greinir frá því að sent verði erindi á formenn aðildarfélaganna þar sem greint frá næstu skrefum í verkefninu.

2. Félagsgjöld 2019.

Farið yfir stöðu á innheimta félagsgjalda. Eitthvað er óuppgert og verður sent erindi á formenn aðildarfélaganna þar sem hvatt er til uppgjors á vangreiddum gjöldum.

3. Heiðursfélagi 2019.

Umræða tekin um veitingu heiðursviðurkenningar þetta árið. Stjórn sammála því að það verði gert og allir sammála því að þrautreyndum ræktanda og félagsmanni Baldvin Kr Baldvinssyni í Torfunesi verði veitt heiðursviðurkenning félagsins á Uppskeruhátíð hestamanna sem haldin verður 2. nóvember.

4. Aðalfundur 2019.

Ákveðið að halda aðalfund félagsins 2. nóvember og þá var einnig rætt að stefnt verði á að halda Ráðstefnu fagráðs þann sama dag.

5. Uppskeruhátíð.

Farið yfir það helsta sem tengist undirbúningi Uppskeruhátíðarinnar, hljómsveit, veislustjóra og fleira.

Fleira ekki rætt.